



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

PIANÓKONSERTAR BEE THOVENS III



1. FEBRÚAR 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð timalengd verka:

Töfraflautan, forleikur: 7'

Píanókonsert: 40'

Sinfónía: 30'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur

Paul Lewis áritar geisladiska sína í hléi fyrir framan Eldborg á 2. hæð.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FIM 01 FEB 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS III

Matthew Halls
hljómssveitarstjóri

Paul Lewis
einleikari

EFNISSKRÁ

Wolfgang Amadeus Mozart
Töfraflautan, forleikur (1791)

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 5 í Es-dúr, op. 73 (1809)

Allegro
Adagio un poco mosso –
Rondo: Allegro

Hlé

Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 41 í C-dúr K. 551 (1788)

Allegro vivace
Andante cantabile
Menuetto (Allegretto)
Molto allegro

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en/sinfonia.is



MATTHEW HALLS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Breski stjórnandinn og samballeikarinn Matthew Halls er vinsæll gestur hljómsveita og óperuhúsa og nýtur virðingar sem kraftmikill og líflegur túlkandi tónlistar frá öllum skeiðum tónlistarsögunnar. Hann starfaði sem listrænn stjórnandi Bach-hátíðarinnar í Oregon frá 2013–2017 og hefur þar stjórnað m.a. Messu í h-moll eftir Bach, Sinfóníu nr. 2 eftir Mahler og heimsfrumflutningi á *A European Requiem* eftir Sir James Macmillan. Hann hefur nýverið komið fram í fyrsta sinn með Sinfóníuhljómsveit Vínarborgar, og síðar á þessu starfsári mun hann stjórna Sinfóníuhljómsveitinni í Varsjá og Mozarteum-hljómsveitinni í Salzburg í *Sköpuninni* eftir Haydn.

Norðuramerískar hljómsveitir sækjast í auknum mæli eftir kröftum hans og hefur hann m.a. stjórnað sinfóníuhljómsveitunum í Dallas, Houston, Seattle og Toronto, sem og hljómsveitunum í Cleveland og Fíladelfíu. Halls hefur einnig stjórnað hljómsveitinni Concentus Musicus í Vín, Konzerthaus-hljómsveitinni í Berlín, Konunglegu skosku þjóðarhljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveitinni í Melbourne svo dæmi séu tekin.

Hljóðritanir hans hafa unnið til fjölmargra verðlauna, m.a. diskar með óperunni *Parnasso in Festa* eftir Händel ásamt The King's Consort fyrir Hyperion-plötuforlagið, og fjórir sambalkonsertar Bachs sem Halls lék og stjórnaði frá hljóðfærinu (Linn Records). Matthew Halls sótti framhaldsmenntun sína í Háskólann í Oxford og gegnir nú fastri stöðu sem kennari við stofnunina. Þá starfar hann reglulega með ungum tónlistarmönnum á námskeiðum og í sumarskólum.

Matthew Halls stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn árið 2009 þegar hann stýrði Mozart-tónleikum með Martin Fröst í Háskólabíói. Þetta er í áttunda sinn sem hann stjórnar hljómsveitinni, en meðal verka sem hann hefur flutt hér á landi má nefna *Messías* Händels, píanókonserta og sinfóníur eftir Beethoven og Mozart, og *Sinfóníu í þremur þáttum* eftir Stravinskíj.



 @paullewisiano

PAUL LEWIS

AINLEIKARI

Paul Lewis nýtur virðingar sem einn fremsti tónlistarmaður sinnar kynslóðar. Hljóðritanir hans á verkum Beethovens og Schuberts hafa hvarvetna hlotið einróma lof og staðfest stöðu hans sem yfirburðatúlkanda þegar tónlist klassíska skeiðsins á í hlut. Hann hefur verið útnefndur hljóðfæraleikari ársins af Royal Philharmonic Society og meðal annarra viðurkenninga sem honum hafa hlotnast eru tvönn Edison-verðlaun, þrönn Gramophone-verðlaun og bæði þýsku og frönsku (*Diapason d'Or de l'Année*) gagnrýnendaverðlaunin. Þá hefur Lewis verið heiðraður af nokkrum háskólum og opinberum stofnunum, auk þess sem hann hlaut heiðursorðu Elísabetar II Bretadrottningar (Commander of the Most Excellent Order of the British Empire).

Paul Lewis er reglulegur gestur fremstu hljómsveita heims, og hefur meðal annars komið fram með Sinfóníuhljómsveitunum í Boston og Chicago, Lundúnasinfóníunni, Fílharmóníuhljómsveitunum í London, New York og Los Angeles, Bæversku útvarpshljómsveitinni, NHK-hljómsveitinni í Tókýó, Konunglegu Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, Cleveland-hljómsveitinni, Tonhalle-hljómsveitinni í Zürich, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig, Mahler-kammersveitinni og hljómsveitinni Philharmonia í Lundúnum.

Á þessu starfsári leikur Lewis m.a. píanókonserta Beethovens með Sinfóníuhljómsveitunum í Boston, San Francisco og Montreal, auk þess sem hann kemur fram í Elbphilharmonie í Hamborg og heldur einleikstónleika víða um heim með verkum eftir Beethoven, Haydn og Brahms.

Paul Lewis er vinsæll gestur helstu tónlistarhátíða heims, þar á meðal BBC Proms þar sem hann varð fyrstur manna til að leika alla píanókonserta Beethovens á einni og sömu hátíðinni árið 2010. Paul Lewis lærði hjá Joan Havill í Guildhall School of Music and Drama í London og sótti síðar einkatíma hjá Alfred Brendel. Hann er listrænn stjórnandi Midsummer Music sem er árleg kammertónlistarhátíð í Buckingham-skíri á Englandi. Þá er hann stjórnandi alþjóðlegu píanókeppinnar í Leeds.

UM EINLEIKARANN

Með tónleikunum í kvöld lýkur Beethoven-hring Lewis og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem hófst í mars 2017 með píanókonsertum nr. 2 og 3. Á sunnudaginn mun Lewis halda einleikstónleika í Norðurljósum þar sem hann flytur verk eftir Beethoven, Haydn og Brahms.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

TÖFRAFLAUTAN, FORLEIKUR

Die Zauberflöte (Töfraflautan) var síðasta óperan sem Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) lauk við, aðeins fáeinum mánuðum fyrir andlát sitt. Verkið var fyrsta ópera Mozarts við þýskan texta frá því að hann samdi *Brottnámið úr kvennabúrinu* níu árum fyrr; annars voru allar óperur hans samdar við ítalska texta. Þessar tvær óperur á þýsku eru þó ólíkar um margt. *Brottnámið* varð til samkvæmt pöntun fyrir hirðóperuhús keisarans en *Töfraflautan* er alþýðuópera, samin með það fyrir augum að skemmta almenningi af öllum stéttum.

Í úthverfum Vínarborgar voru starfrækt nokkur gamanleikhús og eitt þeirra var Theater auf der Wieden. Þar sat við stjórnvöllinn Emanuel Schikaneder, leikari og söngvari sem hafði um árabíl ferðast um álfuna með leikflokk sinn. Þeim Mozart hafði orðið vel til vina þegar Schikaneder lék í Salzburg áratug fyrr, og samstarf þeirra í Vínarborg bar fljótt ávöxt. Mozart samdi til dæmis dúett fyrir óperuna *Der Stein der Weisen* (*Viskusteinninn*, 1790) og píanótilbrigði við arú sem Schikaneder hafði gert vinsæla. Einnig voru góðir kunnleikar með Mozart og öðrum flytjendum við húsið. Nægir þar að nefna að ein aðalsöngkonan við leikhús Schikaneder – sú sem fyrst söng Næturdrottninguna – var Josepha Hofer, mágkona Mozarts.

Því hlaut að koma að því að þeir félagar reyndu fyrir sér með heila óperu. Mozart samdi megnið af *Töfraflautunni* snemmsumars 1791 og eflaust hefur hann einnig haft hönd í bagga með að smíða ævintýrlegan söguþráðinn. Engin önnur ópera Mozarts – eða samtímamanna hans ef út í það er farið – hefur að geyma jafn breitt litróf stíls og strauma. Persónurnar eru af ýmsum toga og tónlistin eftir því. Mozart semur ólgandi skrautaríur fyrir Næturdrottninguna, háleita sálma fyrir Sarastró, léttúðug alþýðulög fyrir Papagenó og blíða ástarsöngva fyrir Pamínu og Tamínó. Það er ekki aðeins persónusköpun óperunnar sem er víðfeðm, heldur fléttar Mozart saman í tónlist sinni nýjan og gamlan stíl af mikilli snilld. Áhrifa Bachs gætir meðal annars í forleiknum þar sem renna saman í eitt gláðværd Saragenós og ströng fúgulist sem tengja má við lærdóm og speki Sarastrós.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Töfraflauta Mozarts var fyrst sett á svið hér á landi í Þjóðleikhúsinu árið 1956, þegar 200 ár voru liðin frá fæðingu tónskáldsins. Íslenska óperan hefur sýnt verkið fjórum sinnum (1982, 1991, 2001 og 2011). Forleikurinn að óperunni hljómaði þó löngu fyrr, því hann var leikinn á tónleikum Hljómsveitar Reykjavíkur í Nýja bíói í desember 1925 og aftur á tónleikum í Fríkirkjunni 1927, þá undir stjórn Páls Ísólfssonar.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

PIÁNÓKONSERT NR. 5

„Ekkert nema trommusláttur, fallbyssudrunur og mannleg eynd hvert sem litið er!“ Þannig lýsti Ludwig van Beethoven (1770–1827) ástandinu í Vínarborg vorið 1809 þegar herir Napóleons Bonaparte héldu uppi stöðugum árásum á borgina. Það vildi svo óheppilega til að íbúð Beethovens stóð einmitt þar sem bardagarnir voru mestir. Hann dvaldi að minnsta kosti eina nótt í kjallara bróður síns í Rauhensteingasse, þar sem hann hélt um eyrun með koddum til að hlífa því sem eftir var af heyrninni. Meðal þeirra meðlima keisara-fjölskyldunnar sem flýðu borgina var Rúdolf erkihertogi, sem var yngri bróðir keisarans og eini tónsmíðanemi Beethovens.

Það var einmitt um þetta leyti – á árunum 1809–1811 – sem Beethoven samdi síðasta píánókonsert sinn. Fram til þessa hafði hann frumflutt alla píánókonserta sína sjálfur enda einn færasti píánisti álfunnar á sinni tíð. Nú var þó svo komið að Beethoven gat ekki frumflutt verkið sjálfur vegna heyrnarskorts, en hann beið eigi að síður í þrjú ár með að fela verkið öðrum, í þeirri veiku von að heyrnin kynni að batna. Að lokum var það nemandi Beethovens, Carl Czerny, sem frumflutti verkið í Vínarborg 1812 við fremur dræmar undirtekir. Það náði þó fljótt vinsældum og nokkru síðar hafði enska tónskáldið J.B. Cramer þau orð um verkið að það væri „keisari konsertanna“. Nafnið er enn notað, enda vart hægt að hugsa sér tignarlegri tónlist en þá sem Beethoven kreisti fram úr hljóðfæri sínu á tímum eymdar og stríðshörmunga.

Fjórði píánókonsert Beethovens er innilegur og hefur oft á sér blá kammertónlistar, en Keisarakonsertinn er allt annars konar verk, stórt í sniðum og einleikarinn fær hvert tækifærið á eftir öðru til að sýna listir sínar, allt frá upphafstöktunum. Yfirleitt kynnir hljómveitin aðalstef fyrsta þáttarins áður en einleikarinn lætur til sín taka, en hér er eins og píánistinn geti ekki beðið, heldur steypir hann sér beint út í hafsjó af brotnum hljómum og tónstigum. Því næst kynnir hljómveitin til sögunnar lagrænt meginstef kaflans, sem er uppsprettan að flestum þeim stefjabrotum sem Beethoven vinnur úr síðar.

Fyrsti kafli konsertsins er geysilangur, lengri en hinir tveir til samans. Undir lok hans gerir Beethoven nokkuð sem hann hafði ekki gert í fyrri píánókonsertum sínum. Þegar hljómveitin staðnæmist á tilteknum hljómi er það eins konar vísbending til einleikarans um að hann eigi að leika kadensu, sem fram til þessa var yfirleitt leikin af fingrum fram og gaf sólistanum færi á að sýna

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Alls hafa 18 píánóleikarar spreytt sig á Keisarakonsertinum með Sinfóníuhljómssveit Íslands, m.a. nokkrir af helstu píánistum 20. aldarinnar. Árni Kristjánsson reið á vaðið í Þjóðleikhúsinu 1955 undir stjórn Olavs Kjelland, en meðal annarra einleikara má nefna Vladimir Ashkenazy (1965 og 1970), Stephen Bishop-Kovacevich (1969 og 1978), Emil Gilels (1976), Pascal Rogé (1983), Freddy Kempf (2004), John Lill (2007) og Víking Heiðar Ólafsson (2012).

bæði tækni sína og uppfinningasemi. En hér festi Beethoven eina tiltekna kadensu á blað og upp frá þessu tóku önnur tónskáld einnig að skrifa út kadensurnar í stað þess að treysta einleikurum fyrir þeim.

Hægi kaflinn hefst á innilegu og hjartnæmu stefi í strengjum. Yfir laglínubrot hljómsveitarinnar spinnur einleikarinn fingert skraut sem deyr út að lokum. Skyndilega sekkur tóntegundin um hálf tón og píanistinn leikur nýtt stef, hikandi í fyrstu. Það reynist vera upphafsstefið að hinum fjöruga rondókafla. Rondóstefið snýr sífellt aftur á milli annarra millistefja, í ólíkum tóntegundum, og í hvert sinn er það upphafið að mikilli flugeldasýningu einleikarans.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

SINFÓNÍA NR. 41, „JÚPÍTER“

Menn hafa lengi velt því fyrir sér hvað varð til þess að Wolfgang Amadeus Mozart samdi þrjár mestu sínfóníur sínar á innan við átta vikum sumarið 1788. Þetta voru erfiðir tímar í lífi tónskáldsins, tækifærin sem virtust á hverju strái nokkrum árum fyrir höfðu öll gufað upp og Mozart var kominn í töluverðar fjárhagskröggur. Um þetta leyti ríkti efnahagskreppa sem snerti alla íbúa austurríska keisaradæmisins. Jósef II keisari háði stríð við Tyrki í nafni Katrínar, keisaraynju Rússa, og tæmdi svo að segja ríkiskassann í því brótti öllu. Ekki fór þó betur en svo að herinn sneri heim árið 1790 eftir þriggja ára dýrkeypta niðurlægingu. Kreppan í Vínarborg hafði afleit áhrif á listalíf borgarinnar: aðalsfólk dvaldi heldur í Ungverjalandi, einkahljósveitir lögðust af og tónleikum fækkaði.

Mozart varð fyrir barðinu á kreppunni; til dæmis var engin ópera pöntuð frá honum á stríðsárunum og áform um tónleikahald í Vínarborg urðu öll að engu. Í júlí 1788 – mánuði áður en hann lauk við sínfóníu sína nr. 41 – ritaði hann vini sínum og frímúrararbróður Michael Puchberg örvæntingarfull bréf þar sem hann biður um lán þar til eftirspurn eftir tónlist sinni taki að glæðast á nýjan leik. Líklegt þykir að Mozart hafi ætlað að láta flytja þrjár síðustu sínfóníur sínar (nr. 39–41) á tónleikaröð sem hann sjálfur stæði fyrir, en engar heimildir hafa varðveist um slíka tónleika og kannski hefur hann ekki treyst sér í slíkt fyrirtæki þegar til kom. Ekkert er vitað um það hvenær sínfónían nr. 41 var frumflutt, eða hvort hún var yfirleitt leikin meðan Mozart lifði.

Sínfónían nr. 41 er síðasta sínfónía Mozarts og hefur lengi verið talin standa framur öðrum sínfóníum klassíska tímans. Strax um 1820 voru Englendingar farnir að gefa henni viðurnefnið „Júpíter“, sem vísar til yfirburða hennar: hin æðsta af öllum sínfóníum meistarans. Í henni gengur Mozart í flestum skilningi lengra en ætlast var til í sínfónísku formi árið 1788. Fyrsti þáttur er glæsilegur, með trompetum og pákum, en þótt tónlistin sé öryggið uppmálað er einnig slegið á blíðari strengi. Annar kaflinn, fagurlega syngjandi *Andante cantabile*, hefst á þokkafullu stafi sem vikur fljótt fyrir öðru, öllu órólegra, í moll. Að hæga kaflanum loknum tekur við menúett sem á það til að hljóma nokkuð dapurlega, til dæmis í smástígum strófum tréblásaranna, þótt yfirborðið sé annars glæðlegt.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Júpíter-sínfónía Mozarts heyrðist fyrst hér á landi í lðnó sumarið 1926 þegar Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar sótti Ísland heim undir stjórn Jóns Leifs. Sínfóníuhljómsveit Íslands lék hana í Þjóðleikhúsinu árið 1954 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar og aftur fimm árum síðar undir stjórn Hans Zanotelli. Síðan hefur hún hljómað alloft á tónleikum, en síðast lék hljómsveitin verkið í Hörpu árið 2012 undir stjórn Eivinds Aadland.

En það er lokabáttur Júpíter-sinfóníunnar sem hefur tryggt henni sess sem eitt mesta meistaraverk Mozarts – og er þá mikið sagt. Um það leyti sem Mozart samdi sinfóníuna hafði hann kynnt sér tónlist Bachs af mikilli kostgæfni, ekki síst fyrir tilstuðlan vinar síns Gottfrieds van Swieten, sem var yfirmaður menntamála í Vínarborg. Swieten var mikill áhugamaður um barokktónlist og hjá honum átti Mozart þess kost að grandskoða nótur að verkum Bachs og Händels, sem lágu ekki á lausu á þessum tíma. Afraksturinn hljómar í lokabætti Júpíter-sinfóníunnar. Kaflinn er ekkert minna en *tour de force* hvað varðar kontrapunkt: listina að geta látið ólík stef hljóma saman þannig að þau myndi fullkominn samhljóm. Öll helstu stef þáttarins – fimm að tölu – eru þeim eiginleikum gædd að þau geta hljómað bæði hvert fyrir sig sem og samtímis í niðurlagi verksins, í fimm radda kontrapunkti.

Snilld af þeirri gerð sem Mozart sýnir í Júpíter-sinfóníunni er fágæt. Verkið markar þáttaskil í sögu hins sinfóníska forms: eftir ríflega hálfra aldar þróun hafði sinfónían þróast úr skemmtimúsík í alvarlega og metnaðarfulla tónsmíð, og á þeim forsendum tók Ludwig van Beethoven upp þráðinn árið 1800. Allt hans sinfóníska framlag, sem og þeirra sem á eftir komu, byggði á þeim grunni sem Mozart lagði með síðustu sinfóníum sínum.

Árni Heimir Ingólfsson

Á DÖFINNI

SUN 04 FEB 17:00



PAUL LEWIS EINLEIKSTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM

Paul Lewis er einn fremsti píanisti samtímans og það er sannkallað fagnaðarefni að hann haldi einleikstónleika í Norðurljósum í heimsókn sinni til Íslands. Á tónleikunum leikur hann verk eftir þrjá meistarar tónlistarinnar í Vínarborg á 18. og 19. öld – Haydn, Beethoven og Brahms – og eru þeir liður í viðamiklu tónleikahaldi hans um allan heim á næsta ári þar sem hann leikur verk þessara þriggja meistarara m.a. í Lundúnum, Brussel, Flórens, Tókýó, Melbourne og Vancouver.

Um efnisskrána segir Lewis sjálfur: „Píanósónötur Haydns hafa að geyma margt af því frumlegasta og skemmtilegasta í gjörvöllum píanóbókmenntunum. Það eru ekki mörg tónskáld sem geta fengið áheyrendur til að skella upp úr en Haydn er eitt þeirra, kemur sífellt á óvart í tónlist sinni. Brahms blandar í verkum sínum saman villtri ástríðu og fullkominni fagmennsku tónsmíðameistarans; honum tekst í tónlistinni að gefa jafnvel hamslausri tilfinningu yfirvegaðan blæ. Bagatellur Beathovens eru brú milli þessara tveggja heima; í sumum þeirra má greina kímniáfu Haydns en í öðrum heyrir fyrirboði þeirrar rómantíkur sem einkennir Brahms.“

FIM 15 FEB 19:30



OSMO STJÓRNAR SHOSTAKOVITSJ

Tónskáldin Shostakovitsj og Prokofiev urðu að þola margs konar mótlæti í Sovétríkjum Stalíns og er tónlist þeirra einmitt dæmi um það hvernig mikilfengleg list getur orðið til í mótbýr. Á þessum tónleikum hljóma tvö meistaraverk þeirra, bæði samin á fjórða áratug 20. aldar: Sjötta sinfónía Shostakovitsj og svíta Prokofievs um Kijé liðsforingja. Áskell Mátsson samdi nýverið nýjan klarínettconsert, *Silfurfljót*, fyrir Einar Jóhannesson sem frumfluttur verður á tónleikum. Stjórnandi tónleikanna er Osmo Vänskä, heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Á DÖFINNI

SUN 18 MAR 19:30

GESTAHLJÓMSVEIT
**GAUTABORGARSINFÓNÍAN
Á ÍSLANDI**



©Mat Hennek

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í Gautaborg í apríl síðastliðnum við dágóðar undirtektir. Nú er komið að Gautaborgarsinfóníunni að endurgjalda greiðann og leika fyrir Íslendinga.

Einleikari er hin franska Hélène Grimaud sem hefur um áratuga skeið verið í hópi fremstu píanista heims. Hún hefur hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon og hlotið öll helstu verðlaun klassíska tónlistarheimsins. Á tónleikunum leikur Grimaud hinn undurfagra píanókonsert nr. 4 eftir Beethoven en einnig hljóma tvö meistarverk frá því um aldamótin 1900, valsaskotin svíta úr óperunni *Der Rosenkavalier* eftir Strauss og glæsileg frumraun Sibelíusar í sinfóníusmíðum.

Hljómsveitarstjóri er hinn finnski Santtu-Matias Rouvali, einn eftirsóttasti ungi stjórnandi heims um þessar mundir. Hann hefur tvívegis stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með frábærum árangri og tekur við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gautaborg haustið 2017.

Áskrifendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands geta tryggt sér miða á tónleikana sem viðbót við áskriftarraðir sínar á hefðbundnu áskriftarverði.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FEBRÚAR 2018

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Lin Wei
Pascal La Rosa
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Ísak Ríkharðsson
Roland Hartwell
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Margrét Hjaltested

SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Júlía Mogensen

BASSI

Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir

ÓBÓ

Daniel Bogorad
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Baldvin Tryggvason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Frank Hammarin

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Baldvin Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

PÁKUR

Frank Aarnink

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BÍÓTÓNLEIKAR
26. OG 27. APRÍL 2018

AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA